

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (XI).

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2006 frá 7. febrúar 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 207/2006 fjallar að hluta til um lífeyristryggingar, atvinnuleysis-tryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um lífeyristryggingar, atvinnuleysisstryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð fjármálaráðuneytisins er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2006 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2006 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 52, 19. október 2006, bls. 16, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 10. apríl 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

Fylgiskjal I.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2006**

frá 7. júlí 2006

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2006 frá 2. júní 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2006 frá 7. febrúar 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 2. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:
„– **32006 R 0207**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2006 frá 7. febrúar 2006 (Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 3).“
2. Í stað textans í 356. lið (NOREGUR – DANMÖRK), 376. lið (NOREGUR – FINNLAND) og 377. lið (NOREGUR – SVÍÐJÓÐ) í aðlögunarlið g komi eftirfarandi:
„15. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003: Afsal samningsaðila á endurgreiðslu sín í milli samkvæmt 3. mgr. 36. gr., 3. mgr. 63. gr. og 3. mgr. 70. gr. reglugerðarinnar (útgjöld við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og vegna bóta til atvinnulausra) og 2. mgr. 105. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar (útgjöld við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 207/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Oda Helen Sletnes

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 207/2006**

frá 7. febrúar 2006

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, einkum 122. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tiltekin aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 verði breytt í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í henni.
- 2) Fyrirhugaðar breytingar eru til komnar vegna ákvarðana sem viðkomandi aðildarríki hafa tekið, eða lögbær yfirvöld þeirra, um tilnefningu yfirvalda sem er skylt að sjá til þess að löggjöf um almannatryggingar sé framkvæmd í samræmi við lög Bandalagsins.

3) Í 9. viðauka er skrá yfir kerfi sem taka skal tillit til við útreikning á meðaltali ársútgjalda vegna veittrar aðstoðar í samræmi við 94. gr. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

4) Fengist hefur samhljóða álit framkvæmdaráðs um félagslegt öryggi farandlaunþega.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1.–5. viðauka og 7.–10. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vladimír ŠPIDLA

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 (Stjóð. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1).

VIÐAUKI

1. Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „K. KÝPUR“:

„K. KÝPUR:

1. Υπουργός Εργασίας και Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ráðherra atvinnumála og almannatrygginga), Λευκωσία.
2. Υπουργός Υγείας (heilbrigðisráðherra), Λευκωσία.
3. Υπουργός Οικονομικών (fjármálaráðherra), Λευκωσία.“

b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „L. LETTLAND“:

„L. LETTLAND:

1. Labklājības ministrija, Rīga (félagsmálaráðuneytið, Riga).
2. Veselības ministrija, Rīga (heilbrigðisráðuneytið, Riga).“

c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „O. UNGVERJALAND“:

„O. UNGVERJALAND:

1. Egészségügyi Minisztérium (heilbrigðisráðuneytið), Budapest.
2. Ifjúsági, Családügyi, Szociális és Esélyegyenlőségi Minisztérium (ráðuneyti æskulýðs-, fjölskyldu- og félagsmála og jafnra tækifæra), Budapest.
3. Foglalkoztatáspolitikai és Munkaügyi Minisztérium (atvinnumálaráðuneytið), Budapest.
4. Pénzügyminisztérium (fjármálaráðuneytið), Budapest.“

d) Þættinum „Q. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„2. Minister van Volksgezondheid, Welzijn en Sport (heilbrigðis-, félags- og íþróttamálaráðherrann), Den Haag.“

e) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „R. AUSTURRÍKI“:

„R. AUSTURRÍKI:

1. Bundesminister für soziale Sicherheit, Generationen und Konsumentenschutz, (sambandsráðherra félagslegs öryggis, kynslóðamálefna og neytendaverndar), Wien.
2. Bundesminister für Wirtschaft und Arbeit (sambandsráðherra efnahags- og vinnumála), Wien.
3. Bundesminister für Gesundheit und Frauen (sambandsráðherra heilbrigðismála og málefna kvenna), Wien.
4. Sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:
Bundeskanzler (kanslari sambandslýðveldisins), Wien, eða hlutaðeigandi fylkjustjórn.“

2. Ákvæðum 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þættinum „J. ÍTALÍA“ er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað A-liðar 3. liðar:

„A. Launþegar:

a) almennt:

Istituto nazionale della previdenza sociale (opinber félagsmálastofnun), umdæmisskrifstofur,

- b) til þeirra sem starfa í skemmtanaíðnaði:
- Ente nazionale di previdenza e assistenza per i lavoratori dello spettacolo (opinber félagsmála- og aðstoðarskrifstofa fyrir þá sem starfa í skemmtanaíðnaði), Roma,
- c) til blaðamanna:
- Istituto nazionale di previdenza per i giornalisti italiani "Giovanni Amendola" (opinber félagsmálastofnun Giovanni Amendola fyrir ítalska blaðamenn), Roma.
- ii. Eftirfarandi komi í stað B-liðar 3. liðar:
- „B. Sjálfstætt starfandi einstaklingar:
- a) til lækna:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza medici (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir lækna),
- b) til lyfjafræðinga:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza farmacisti (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir lyfjafræðinga),
- c) til dýralækna:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza veterinari (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir dýralækna),
- d) til hjúkrunarfræðinga, aðstoðarfólks í heilbrigðisþjónustu og barnahjúkrunarfræðinga:
- Cassa nazionale di previdenza ed assistenza a favore degli infermieri professionali, assistenti sanitari, vigilatrici d'infanzia (opinber félagsmálasjóður fyrir hjúkrunarfræðinga, aðstoðarfólk í heilbrigðisþjónustu og barnahjúkrunarfræðinga) (IPASVI),
- e) til verkfræðinga og arkitekta:
- Cassa nazionale di previdenza ed assistenza per gli ingegneri ed architetti liberi professionisti (opinber félagsmálasjóður fyrir sjálfstætt starfandi verkfræðinga og arkitekta)
- f) til landmælingamanna:
- Cassa italiana di previdenza dei geometri liberi professionisti (opinber félagsmálasjóður fyrir landmælingamenn),
- g) til lögmanna og málaflutningsmanna:
- Cassa nazionale di previdenza ed assistenza forense (opinber félagsmálasjóður fyrir lögmenn og málaflutningsmenn),
- h) til hagfræðinga:
- Cassa nazionale di previdenza ed assistenza a favore dei dottori commercialisti (opinber félagsmálasjóður fyrir hagfræðinga),
- i) til endurskoðenda:
- Cassa nazionale di previdenza ed assistenza a favore dei ragionieri e periti commerciali (opinber félagsmálasjóður fyrir endurskoðendur),
- j) til ráðgjafa á sviði ráðningamála:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza per i consulenti del lavoro (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir ráðgjafa á sviði ráðningamála),
- k) til lögbókenda:
- Cassa nazionale notariato (opinber félagsmálasjóður fyrir lögbókendur),

- l) til tollmiðlara:
- Fondo nazionale di previdenza per i lavoratori delle imprese di spedizione corrieri e delle Agenzie marittime (FASC) (opinber lífeyrissjóður fyrir fulltrúa flutningafyrirtækja og tollmiðlara og miðlara í sjóflutningum),
- m) til líffræðinga:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza a favore dei biologi (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir líffræðinga),
- n) til tæknimenntaðra manna og ráðunauta í landbúnaði:
- Ente Nazionale di previdenza per gli addetti e per gli impiegati in agricoltura (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir tæknimenntaða menn og ráðunauta í landbúnaði),
- o) til sölufulltrúa:
- Ente nazionale di assistenza per gli agenti e rappresentanti di commercio (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir sölumenn og sölufulltrúa),
- p) til sérfræðinga í iðnaði:
- Ente nazionale di previdenza dei periti industriali (opinber félagsmálaskrifstofa sérfræðinga í iðnaði),
- q) til tryggingafræðinga, efnifræðinga, jarðræktarfræðinga, skógfræðinga og jarðfræðinga:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza pluricategoriale degli agronomi e forestali, degli attuari, dei chimici e dei geologi (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir tryggingafræðinga, efnifræðinga, jarðræktarfræðinga, skógfræðinga og jarðfræðinga),
- r) til sálfræðinga:
- Ente nazionale di previdenza ed assistenza per gli psicologi (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir sálfræðinga),
- s) til blaðamanna:
- Istituto nazionale di previdenza dei giornalisti italiani "Giovanni Amendola" (opinber félagsmálaskrifstofa Giovanni Amendola fyrir ítalska blaðamenn).“

b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „K. KÝPUR“:

„K. KÝPUR:

1. Aðstoð:

Υπουργείο Υγείας, Λευκωσία, (heilbrigðisráðuneytið, Nicosia).

2. Bætur í peningum:

Υπηρεσίες Κοινωνικών Ασφαλίσεων, Υπουργείο Εργασίας και Κοινωνικών Ασφαλίσεων, Λευκωσία (þjónustuskrifstofa almannatrygginga, atvinnumála- og almannatryggingaráðuneytið, Nicosia).

3. Fjölskyldubætur:

Υπηρεσίες Χορηγιών και Επιδομάτων, Υπουργείο Οικονομικών, Λευκωσία (þjónustuskrifstofa styrkja og bóta, fjármálaráðuneytið), Nicosia.“

c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „L. LETTLAND“:

„L. LETTLAND:

Ákvæði í lettneskri löggjöf gilda um valdsvið stofnana nema annað sé tekið fram hér á eftir.

1. Í öllum tilvikum, þó ekki aðstoð vegna veikinda: Valsts sociālās apdrošināšanas aģentūra, Rīga (almannatryggingastofnun ríkisins, Rīga).

2. Aðstoð vegna veikinda: Veselības obligātās apdrošināšanas valsts aģentūra, Rīga (sjúkratryggingastofnun ríkisins, Rīga).“

d) Þættinum „O. Ungverjaland“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

„6. Fjölskyldubætur:

Bætur í peningum:

1. Magyar Államkincstár (ríkissjóður Ungverjaland),
2. Országos Egészségbiztosítási Pénztár (opinber sjúkratryggingasjóður).“

e) Þættinum „Q. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:

„1. Veikindi og meðganga og fæðing:

a) aðstoð:

- til einstaklinga sem, skv. 2. gr. sjúkratryggingalaganna, ber skylda til að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi: félaginu sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur keypt sjúkratryggingu af í skilningi sjúkratryggingalaganna eða
- til einstaklinga sem ekki falla undir liðinn hér á undan og búa erlendis og eiga, skv. reglugerðinni eða EES-samningnum eða samningnum við Sviss um frjálsa för einstaklinga, rétt á heilsugæslu í búsetulandi sínu samkvæmt hollenskri löggröf:

1. skráning og innheimta lögboðinna iðgjalda: College voor zorgverzekering in Diemen, eða
2. heilsugæsla: CZ í Tilburg,

b) bætur í peningum:

Uitvoeringsinstituut Werknemersverzekeringen, Amsterdam (tryggingastofnun fyrir launþega, Amsterdam),

c) sjúkratryggingagreiðslur:

Belastingdienst Toeslagen, Utrecht.“

f) Þættinum „R. AUSTURRÍKI“ er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað b-liðar 2. liðar:

„b) Við beitingu 6. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar ef engu iðgjaldstímabili hefur verið lokið í Austurríki og ef um er að ræða tímabil herþjónustu og borgaralegrar þjónustu og tímabil barnaupplendis komi tryggingatímabil í Austurríki ekki strax á undan eða beint á eftir: Pensionsversicherungsanstalt (lífeyristryggingastofnun), Wien.“,

ii. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

„4. Fjölskyldubætur:

- a) Fjölskyldubætur, aðrar en Kinderbetreuungsgeld (greiðsla vegna umönnunar barna): Finanzamt (skattstofan),
- b) Kinderbetreuungsgeld (greiðsla vegna umönnunar barna): sjúkratryggingastofnunin sem umsækjandi er eða var síðast tryggður hjá, að öðrum kosti sá Gebietskrankenkasse (sjúkratryggingasjóður héraðsins) þar sem sótt var um“.

g) Þættinum „S. PÓLLAND“ er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 2. liðar:

„a) til einstaklinga sem nýlega hafa verið launþegar eða sjálfstætt starfandi, að undanskildum sjálfstætt starfandi bændum og til atvinnuhermanna og starfsmanna sem hafa lokið öðrum starfstímabilum en þeim sem eru tilgreind í c-lið (i- og ii-liður), d-lið (i- og ii-liður) og e-lið (i- og ii-liður):

1. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunin, ZUS), útíbússkrifstofan í Łódź, fyrir einstaklinga sem hafa lokið:

- a) eingöngu tryggingatímabilum í Póllandi og eru búsettir á yfirráðasvæði Spánar, Portúgals, Ítalíu, Grikklands, Kýpur eða Möltu,

- b) tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið á Spáni, í Portúgal, á Ítalíu, í Grikklandi, á Kýpur eða Möltu,
2. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunin, ZUS), útibússkrifstofan í Nowy Sącz, fyrir einstaklinga sem hafa lokið:
- a) tryggingatímabilum eingöngu í Póllandi og eru búsettir á yfirráðasvæði Austurríkis, Tékklands, Ungverjalands, Slóvakíu eða Slóveníu,
- b) tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Austurríki, Tékklandi, Ungverjalandi, Slóvakíu eða Slóveníu,
3. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunin, ZUS), útibússkrifstofan í Opole, fyrir einstaklinga sem hafa lokið:
- a) tryggingatímabilum eingöngu í Póllandi og eru búsettir á yfirráðasvæði Þýskalands,
- b) tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Þýskalandi,
4. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunin, ZUS), útibússkrifstofan í Szczecin, fyrir einstaklinga sem hafa lokið:
- a) tryggingatímabilum eingöngu í Póllandi og eru búsettir á yfirráðasvæði Danmerkur, Finnlands, Svíþjóðar, Lítháens, Lettlands eða Eistlands,
- b) tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Lítháen, Lettlandi eða Eistlandi,
5. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunin, ZUS), I Oddział w Warszawie, Centralne Biuro Obsługi Umów Międzynarodowych (útibú I í Varsjá, aðalskrifstofan fyrir alþjóðasamninga), fyrir einstaklinga sem hafa lokið:
- a) tryggingatímabilum eingöngu í Póllandi og eru búsettir á yfirráðasvæði Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar, Írlands eða Breska konungsríkisins,
- b) tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Lúxemborg, á Írlandi eða í Breska konungsríkinu.“
- ii. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 3. liðar:
- „a) aðstoð: Narodowy Fundusz Zdrowia Warszawa (sjúkrajóður ríkisins, Varsjá),“.
- iii. Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í b-lið 3. liðar:
- „ii) örorka eða andlát þess sem telst fyrirvinna fjölskyldu:
- til einstaklinga sem voru launþegar eða sjálfstætt starfandi (að undanskildum sjálfstætt starfandi bændum) þegar áhættan kom fram og til atvinnulausra einstaklinga með háskólapróf sem voru í starfsþjálfun eða starfsnámi þegar áhættan kom fram:
- einingar almannatryggingastofnunarinnar (Zakład Ubezpieczeń Społecznych) sem eru tilgreindar í a-lið 2. liðar,
- til einstaklinga sem voru sjálfstætt starfandi bændur þegar áhættan kom fram:
- einingar almannatryggingasjóðs landbúnaðarins (Kasa Rolniczego Ubezpieczenia Społecznego) sem tilgreindar eru í b-lið 2. liðar,
- til atvinnuhemma ef áhættan kemur fram meðan á herbjónustu stendur:
- Wojskowe Biuro Emerytalne w Warszawie (lífeyrisskrifstofa fyrir herinn í Varsjá),
- til starfsmanna sem tilgreindir eru í d-lið 2. liðar, ef áhættan kemur fram á starfstímabili innan einnar af þeim stofnunum sem tilgreindar eru í d-lið 2. liðar:
- Zakład Emerytalno-Rentowy Ministerstwa Spraw Wewnętrznych i Administracji w Warszawie (lífeyrisskrifstofa innanríkis- og stjórnýsluráðuneytisins í Varsjá),
- til fangavarda ef áhættan kemur fram meðan á sliku starfstímabili stendur:
- Biuro Emerytalne Służby Więziennej w Warszawie (lífeyrisskrifstofa fangavarda í Varsjá),
- til dómara og saksóknara:
- sérstofnanir dómsmálaráðuneytisins.“

iv. Eftirfarandi komi í stað c-, d- og e-liðar 4. liðar:

„c) til atvinnuherranna:

sérstofnanir varnarmálaráðuneytisins,

d) til lögreglumanna, slökkviliðsmanna, landamæraráða, starfsmanna skrifstofu innra öryggis, leyniþjónustunnar erlendis og öryggisþjónustu ríkisstjórnarinnar:

sérstofnanir innanríkis- og stjórnsýsluráðuneytisins,

e) til fangavárða:

sérstofnanir dómsmálaráðuneytisins.“

v. Eftirfarandi komi í stað g-liðar 4. liðar:

„g) til lífeyrisþega:

— sem eiga rétt á bótum samkvæmt almannatryggingakerfi fyrir launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga, að undanskildum sjálfstætt starfandi bændum:

einingar almannatryggingastofnunarinnar (Zakład Ubezpieczeń Społecznych) sem eru tilgreindar í a-lið 2. liðar,

— sem eiga rétt á bótum frá almannatryggingakerfi fyrir bændur:

einingar almannatryggingasjóðs landbúnaðarins (Kasa Rolniczego Ubezpieczenia Społecznego) sem tilgreindar eru í b-lið 2. liðar,

— sem eiga rétt á bótum frá lífeyristryggingakerfi fyrir atvinnuherrmenn:

Wojskowe Biuro Emerytalne w Warszawie (lífeyrisskrifstofa fyrir herinn, í Varsjá),

— sem eiga rétt á bótum frá lífeyristryggingakerfi fyrir starfsmenn sem um getur í d-lið 2. liðar:

Zakład Emerytalno-Rentowy Ministerstwa Spraw Wewnętrznych i Administracji w Warszawie (lífeyrisskrifstofa innanríkis- og stjórnsýsluráðuneytisins í Varsjá),

— sem eiga rétt á bótum frá lífeyristryggingakerfi fyrir fangaverði:

Biuro Emerytalne Służby Więziennej w Warszawie (lífeyrisskrifstofa fyrir fangelsisþjónustuna í Varsjá),

— sem voru áður dómáráðgjafar og saksóknarar:

sérstofnanir dómsmálaráðuneytisins.“

vi. Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

„6. Fjölskyldubætur:

héraðsmiðstöð fyrir félagsþjónustu, með svæðisbundna lögsögu á búsetu- eða dvalarstað þess einstaklings sem á rétt á bótum.“

h) Þættinum „X. SVÍÞJÓÐ“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„2. Vegna atvinnuleysisbóta:

a) við beiðingu 80.-82. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:

— atvinnuleysistryggingasjóðurinn sem er til þess bær að fjalla um bótaumsókn þegar um er að ræða atvinnuleysi í Svíþjóð eða

— eftirlitsfirvaldið

- b) við beitingu 83. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:
— Inspektionen för arbetslöshetsförsäkringen (sænska atvinnuleysisstryggingaráðið).“

3. Ákvæðum 3. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Þættinum „B. TÉKKLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:

„1. Aðstoð:

- a) almennt:
sjúkratryggingafélag (að eigin vali).
- b) til flugbjörgunarsveitanna:
Ministerstvo zdravotnictví (heilbrigðisráðuneytið).“

- b) Þættinum „J. ÍTALÍA“ er breytt sem hér segir:

- i. Eftirfarandi komi í stað A-liðar 3. liðar:

„A. Launþegar:

- a) almennt:
Istituto nazionale della previdenza sociale (opinbera félagsmálastofnunin), umdæmisskrifstofur,
- b) til þeirra sem starfa í skemmtanaíðnaði:
Ente nazionale di previdenza e assistenza per i lavoratori dello spettacolo (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir þá sem starfa í skemmtanaíðnaði), Roma,
- c) til blaðamanna:
Istituto nazionale di previdenza dei giornalisti italiani “Giovanni Amendola” (opinber félagsmálastofnun Giovanni Amendola fyrir ítalska blaðamenn), Roma.“

- ii. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

„4. Styrkir vegna andláts:

Istituto nazionale della previdenza sociale (opinbera félagsmálastofnunin), umdæmisskrifstofur,
Istituto nazionale per l'assicurazione contro gli infortuni sul lavoro (opinbera vinnuslysatryggingastofnunin), umdæmisskrifstofur, IPSEMA.“

- c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „K. KÝPUR“:

„K. KÝPUR:

1. Aðstoð:

Υπουργείο Υγείας, Λευκωσία (heilbrigðisráðuneytið, Nicosia).

2. Bætur í peningum:

Υπηρεσίες Κοινωνικών Ασφαλίσεων, Υπουργείο Εργασίας και Κοινωνικών Ασφαλίσεων, Λευκωσία (þjónustuskrifstofa almannatrygginga, atvinnumála- og almannatryggingaráðuneytið, Nicosia).

3. Fjölskyldubætur:

Υπηρεσία Χορηγιών και Επιδομάτων, Υπουργείο Οικονομικών, Λευκωσία (þjónustuskrifstofa styrkja og bóta, fjármálaráðuneytið, Nicosia).“

- d) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „L. LETTLAND“:

„L. LETTLAND:

1. Í öllum tilvikum, þó ekki aðstoð vegna veikinda:

Valsts sociālās apdrošināšanas aģentūra, Rīga (almannatryggingastofnun ríkisins, Riga).

2. Aðstoð vegna veikinda:

Veselības obligātās apdrošināšanas valsts aģentūra, Rīga (sjúkratryggingastofnun ríkisins, Riga).“

- e) Þættinum „O. Ungverjaland“ er breytt sem hér segir:
- i. Eftirfarandi komi í stað liðar I.1:
 - „1. Veikindi og meðganga og fæðing:

Aðstoð og bætur í peningum:

Országos Egészségbiztosítási Pénztár és a megyei egészségbiztosítási pénztárak (opinber sjúkratryggingasjóður og sjúkratryggingasjóðir héraðanna).“
 - ii. Eftirfarandi komi í stað liðar I.6:
 - „6. Fjölskyldubætur:

Bætur í peningum:

 1. Magyar Államkincstár Budapesti és Pest megyei Regionális Igazgatósága (héraðsskrifstofa ríkissjóðs Ungverjaland í Búdapest og Pest-sýslu),
 2. Országos Egészségbiztosítási Pénztár (opinber sjúkratryggingasjóður).“
 - iii. Eftirfarandi komi í stað liðar II.1:
 - „1. Veikindi og meðganga og fæðing:

Aðstoð og bætur í peningum:

Országos Egészségbiztosítási Pénztár és a megyei egészségbiztosítási pénztárak (opinber sjúkratryggingasjóður og sjúkratryggingasjóðir héraðanna).“
 - iv. Eftirfarandi komi í stað liðar II.6:
 - „6. Fjölskyldubætur:

Bætur í peningum:

 1. Magyar Államkincstár Budapesti és Pest megyei Regionális Igazgatósága (héraðsskrifstofa ríkissjóðs Ungverjaland í Búdapest og Pest-sýslu),
 2. Országos Egészségbiztosítási Pénztár (opinber sjúkratryggingasjóður).“

f) Þættinum „Q. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. liðar:

 - „a) aðstoð:
 - i) stofnun á búsetustað:

CZ, Tilburg,
 - ii) stofnun á dvalarstað:

Onderlinge Waarborgmaatschappij Agis Zorgverzekerings u.a. (gagnkvæma sjúkrasamlagið), Amersfoort.“

g) Þættinum „R. AUSTURRÍKI“ er breytt sem hér segir:

 - i. Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í b-lið 1.liðar:
 - „ii) við meðferð á sjúkrahúsi sem héraðssjúkrasjóður ber ábyrgð á, þar til bær héraðssjúkrasjóður (Landesgesundheitsfonds) á búsetu- eða dvalarstað viðkomandi.“
 - ii. Eftirfarandi komi í stað b-liðar 2. liðar:
 - „b) í öllum öðrum tilvikum að undanskilinni beitingu 53. gr. framkvæmdareglugerðarinnar:

Pensionsversicherungsanstalt, Wien (lífeyristryggingastofnun, Vín).“
 - iii. Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í a-lið 3. liðar:
 - „ii) við meðferð á sjúkrahúsi sem héraðssjúkrasjóður ber ábyrgð á, þar til bær héraðssjúkrasjóður (Landesgesundheitsfonds) á búsetu- eða dvalarstað viðkomandi.“

iv. Eftirfarandi komi í stað 5. liðar:

„5. Fjölskyldubætur:

þar til bær Finanzamt (skattstofa) á búsetu- eða dvalarstað viðkomandi“.

h) Þættinum „S. PÓLLAND“ er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 2. liðar:

„a) til einstaklinga sem nýlega hafa verið launþegar eða sjálfstætt starfandi, að undanskildum sjálfstætt starfandi bændum og til atvinnuhermanna og starfsmanna sem hafa lokið öðrum starfstímabilum en þeim sem eru tilgreind í c-, d-, og e-undirlíð:

1. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), útibússkrifstofan í Łódź, fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið á Spáni, í Portúgal, á Ítalíu, Grikklandi, Kýpur eða Móltu,
2. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunin, ZUS), útibússkrifstofan í Nowy Sącz, fyrir einstaklinga sem hafa lokið:
 - a) tryggingatímabilum eingöngu í Póllandi og eru búsettir á yfirráðasvæði Austurríkis, Tékklands, Ungverjalands, Slóvakíu eða Slóveníu,
 - b) tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Austurríki, Tékklandi, Ungverjalandi, Slóvakíu eða Slóveníu,
3. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), útibússkrifstofan í Opole, fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Þýskalandi,
4. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun — ZUS) — útibússkrifstofan í Szczecin — fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Litháen, Lettlandi eða Eistlandi,
5. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), I Oddział w Warszawie, Centralne Biuro Obsługi Umów Międzynarodowych (I útibú í Varsjá, aðalskrifstofan fyrir alþjóðasamninga), fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum í Póllandi og erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Lúxemborg, á Írlandi eða í Breska konungsríkinu.“

ii. Eftirfarandi komi í stað g-liðar 2. liðar:

„g) til einstaklinga sem eingöngu hafa lokið tryggingatímabilum erlendis:

1. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), útibússkrifstofan í Łódź, fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið á Spáni, í Portúgal, á Ítalíu, Grikklandi, Kýpur eða Móltu,
2. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), útibússkrifstofan í Nowy Sącz, fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Austurríki, Tékklandi, Ungverjalandi, Slóvakíu eða Slóveníu,
3. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), útibússkrifstofan í Opole, fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Þýskalandi,
4. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), útibússkrifstofan í Szczecin, fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Litháen, Lettlandi eða Eistlandi,
5. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun, ZUS), I Oddział w Warszawie, Centralne Biuro Obsługi Umów Międzynarodowych (I útibú í Varsjá, aðalskrifstofan fyrir alþjóðasamninga), fyrir einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Lúxemborg, á Írlandi eða í Breska konungsríkinu.“

iii. Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í b-lið 3. liðar:

„ii) örorka eða andlát þess sem telst fyrirvinna fjölskyldu:

- til einstaklinga sem nýlega hafa verið launþegar eða sjálfstætt starfandi (að undanskildum sjálfstætt starfandi bændum):

einingar almannatryggingastofnunarinnar (Zakład Ubezpieczeń Społecznych) sem eru tilgreindar í a-lið 2. liðar,

- til einstaklinga sem nýlega hafa verið sjálfstætt starfandi bændur:

einingar almannatryggingasjóðs landbúnaðarins (Kasa Rolniczego Ubezpieczenia Społecznego) sem tilgreindar eru í b-lið 2. liðar,

- til atvinnuhermanna þegar um er að ræða tímabil herþjónustu í Póllandi, hafi síðasta tímabilið verið umrætt herþjónustutímabil, og tryggingatímabil erlendis:

